Gullberg ehf, útgerð Hafnargötu 47  
Seyðisfjarðarkaupstaður Hafnargötu 44





# Farðu út og náðu í eitthvað grænt

**Páll Kristinn Pálsson ræðir við Hildi Hákonardóttur**

Myndlistakonan Hildur Hákonardóttir er ekki síður þekkt fyrir áhuga sinn á garðrækt og hollu mataræði.

Um árabíl hefur hún miðlað öðrum af þekkingu sinni og bók hennar „Ætigarðurinn – handbók garðnytjungsins“ er nánast orðin skyldulesning allra þeirra sem vilja kynna sér þessi málefni.



Hildur hefur fengist við gróður frá bernsku. „Ég bjó á Bústaðaholtinu, austan við þar sem núna stendur Bústaðakirkjan. Þetta var einn hektari, grýtt holt eins og var þarna allt um kring. Og ég vandist því sem krakki að sækja mat út í náttúruna. Móðir mín hafði kynnst matjurtaræktun í Danmörku, hún lærði þar til leikfimiskennara og var einnig um skeið í Þýskalandi. Hún kom svo heim með þessa þekkingu sem blandaðist saman við hefðina sem fylgdi þeirri bernsku sem hennar kynslóð átti rætur í. Faðir minn var einn af forvígismönnum skógræktarinnar, Hákon Guðmundsson, oft ruglað saman við Hákon Bjarnason, en þeir voru vinir og faðir minn formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur en nafni hans Bjarnason formaður Skógræktarfélags Íslands. Svo þetta var allt mjög nálægt mér í uppvextinum.“

#### Þrenns konar matjurtir

Manstu eftir einhverju sérstöku sem hafði mikil áhrif á þig snemma á ævinni?

„Ja, ég man eiginlega ekki eftir því en börnin mín segja að þegar þau voru að alast upp hafi ég iðulega sagt þeim að fara út og ná í eitthvað grænt. Það þýddi að þau áttu að fara út og finna eitthvað í salat, sem var þá blanda af því sem fannst í garðinum og einhverju keyptu. En man þó aldrei eftir að mér hafi verið kennt sérstaklega hvað en þó hlýtur það að hafa verið gert.

Ég mundi segja að fyrir utan það sem maður kaupir eru jurtirnar sem maður borðar séu eiginlega þrenns konar. Það eru þær sem maður ræktar, og svo eru villtu jurtirnar og síðan þær hálfvilltu sem liggja þarna mitt á milli. Það hefur alltaf verið þannig í mannkynssögunni að mannskepnan tekur villtu jurtirnar, setur þær í garðinn sinn og reynir að rækta þar upp góð eintök. Séra Björn í Sauðlauksdal gaf til dæmis upp hvernig villtar hvannir voru sóttar til að setja í garðinn. Mig minnir að þær hafi átt að vera ungar fjallahvannir – ekki strandhvannir – og Björn segir að þær eigi að rækta í um fjögur ár frekar í skuggsælu en of mikilli sól og síðan skipta þeim út. Og þetta er eina gamla íslenska forskriftin að því hvernig sækja skal villtar plöntur út í náttúruna og planta

**Það hefur alltaf verið þannig í mannkynssögunni að mannskepnan tekur villtu jurtirnar, setur þær í garðinn sinn og reynir að rækta þar upp góð eintök**

þeim í garðinn sinn sem ég man eftir. Annar átjándualdarmaður, Eggert Ólafsson, sem var líka mikill ræktunarmaður fjallaði um hvernig ræktandinn tekur villtar jurtir inn í garð til sín, ræktar þær í einhvern tíma, jafnvel áratugi. En svo gerist eitthvað í mannfélaginu eða náttúrunni, þannig að búsetan breytist, garðar leggjast af, og þá lifir eitthvað af þessum plöntum áfram, þær verða villtar aftur og svo endurtekur sagan sig. Og Eggert vildi meina að þannig væri hægt að sjá vissan skyldleika milli ræktaðra plantna og villtra, og við eigum plöntur sem eru á þessum mörkum. Við eigum



Hildur og Jóhanna B. Magnúsdóttir í Dalsá í Mosfellsdal að gæða sér á djúpsteiktum filfahausum.

rabbabarann, sem getur að vissu leyti séð um sig sjálfur. Ef maður finnur njóla þá er það öruggur vitnisburður um að þar hafi einhvern tíma verið búseta, því hann vex aldrei alveg villtur úti í náttúrunni. Graslaukur getur mikið séð um sig sjálfur og hvönnin vex alveg villt. En svo taka garðplöntur upp á ýmsu, eins og kerfillinn, sem er tvenns konar hér á Íslandi, skógarkerfill og Spánarkerfill svokallaður. Sá fyrrnefndi var held ég aðallega notaður til að binda jarðveg og dreifir sér hratt, en hinn síðarnefndi er sá sem maður borðar. Hann er indæl matplanta og þegar ég átti minn góða ætigarð notaði ég hann sem græna jurt í salatið mitt í heilan mánuð áður en fyrsta ræktaða salatið fór að koma fram. Spánarkerfillinn óx í garði móður minnar við Bústaðavegin og var eins og lúpinan kurteis garðplanta. En svo flutti ég hann með mér upp í sveit og þá óð hann um allt, rétt eins og hann héldi að hann væri skógarkerfill. Eins og lúpinan gerir, ég er reyndar lúpinuvinur og þykir hún ákaflega falleg planta.“

#### Mikilvægt fyrir heilsuna

Hildur bjó um þriggja áratuga skeið í Ölfusinu og ræktaði þar sinn rómaða ætigarð. Hún flutti þaðan til Reykjavíkur eftir lát Þórs Vigfússonar bónda síns árið 2013, enda vinnan í garðinum meiri en ein manneskja réði við. „Á svona stórrí ræktunarlóð vill maður líka vinna með einhverjum og ég man það að við hjónin vorum sammála um að einna skemmtilegustu dagarnir í okkar samvistum væru þegar við unnum bæði úti í garðinum, jafnvel þótt við værum að sýsla sitt í hvoru horni hans. Við blönduðum oftast ekki saman störfum okkar, nema ég bæði hann um að hjálpa mér við eitthvað. En það var bara þessi samvera úti við sem var okkur svo góð og fullnægjandi. Aðrir ná saman í hestamennsku, eða einhverju öðru, en garðræktin var okkar vettvangur. Og svo hefur mér almennt alltaf þótt garðræktin skipta gríðarmiklu máli upp á heilsuna.“



Nýttind filfablöð sem eiga að fara í salat



Nýbakað brauð með njólapestó

## Kjöt á til dæmis helst einungis að borða með léttu grænu salati, en ekki með brauði eða kartöflum. Það er því ekki ráðlegt að fá sér hangikjöt á brauðsneiðina eða allar þessar kjötsamlokur

Má ekki segja að þú hafir á sínum tíma verið í fararbroddi í garðrækt hér á landi?

„Jú, það má kannski segja ég hafi verið það með öðrum. En eins og svo margt annað hjá Íslendingum hefur garðræktin gengið í bylgjum, átt sin framfara og stöðnunarskeið á víxl. Þegar ég hugsa til baka finnst mér eins og það hafi verið afturkippur í þessu frá því fyrir seinna stríð og eitthvað áfram og kannski var það var vegna kálflugunnar, sem barst hingað og gerði mikinn usla í gördum. Annað sem hafði áhrif um miðja öldina var að verslun með grænmeti jókst til mikilla muna, það er aðgengi fólks að því og það þurfti ekki að standa svo mikið í ræktun sjálft. Ég held það hafi gerst um allan okkar svokallaða vestræna heim, enda velja flestir sér auðveldustu leið til að nálgast hlutina. Og það var ekki fyrir en við hrukkum aftur í gírinn með aukinni vitund um að fjöldaframleiðslan er ekki unnin af sömu nákvæmni og natni og það sem við gerum sjálf og við hana eru notuð ýmis eiturefni í meira mæli líka en við gerðum sjálf í gördunum okkar og að auki efni sem ætlað er að láta jurtirnar endast lengur í búðarhillunum. Við vorum þannig ekki að fá þá næringu sem við þurftum.

Ég bjó um skeið í Ameríku í kringum 1960 en heilsuátakið byrjaði þar á þeim árum og mér gleymist seint hvernig það byrjaði með auglýsingum um að fólk ætti að gæta sín á hvaða

fituefni það notaði við matreiðslu, steikingu og þess háttar. Þetta byrjaði sem sé með matarolíunni og þá voru Ameríkanar almennt farnir að eignast einkabíla og það var auglýst í útvarpinu að menn væru vissulega vakandi fyrir því að setja góða olíu á bílinn sinn en hirtu minna um það sem þeir settu ofan í sjálfa sig. Ég gleymdi aldrei þessari auglýsingu – hrökk í gírinn, svo maður haldi sig við bílalíkingamálið. Þá ákvað ég að taka aftur upp þá neysluhætti sem ég hafði alist upp við hjá mömmu minni á Bústaðaveginum.“

### Allar heilsustefnurnar

Og almenn viðhorf gagnvart mataræðinu hafa breyst mikið frá þessum tíma, ekki satt?

„Jú, þau hafa gjörbreyst. Eftir þessa hvatningu um að fólk hugsaði jafnvel um hvað það borðaði og hvaða olíu það notaði á bílinn ... Ég held að hún hafi komið frá þeim matvælaframleiðendum sem vildu selja vandari vöru ... Ein fyrsta stefnan í þessum efnum var makróbiotiska hugmyndafræðin. Hún kom frá Japan og byggði á reynslu fólks sem var að reyna að bjarga sér og öðrum undan afleiðingum kjarnorkusprenginganna í Hiroshima og Nagasaki. Þetta snerist um að finna mataræði sem væri í sem bestu jafnvægi og það var farið eftir japönsku spekinni um yin og yang, talið vænlegast að halda sig sem næst miðjunni á milli mestu öfganna. Sykur er sagður mikið yin og kjöt aftur yang. Inni á miðjunni eru svo til dæmis söl, hrisgrjón og miso, eða gerjaðar sojaafurðir.

Á Norðurlöndunum höfðu ýmsar heilsustefnur verið í gangi frá því fyrir stríð, til að mynda þær sem voru teknar upp á heilsuhælinu í Hveragerði. Ein stefna, sem kom fram í kringum 1930 og hefur allar götur síðan verið að skjóta upp kollu öðru hvoru, gengur út á að blanda ekki matartegundum saman. Samkvæmt henni má borða ávexti, grænmeti og mjólkurvörur og hvaðeina en bara eitt og sér, þannig að þetta meltist betur. Kjöt á til dæmis helst einungis að borða með léttu grænu salati, en ekki með brauði eða kartöflum. Það er því ekki ráðlegt að fá sér hangikjöt á brauðsneiðina eða allar þessar kjötsamlokur. Þetta er alls ekki svo vitlaus kenning og hefur hjálpað mörgum sem eru með viðkvæma meltingu.

En villtu plönturnar notuðum við einkum á vorin, þá eru plönturnar sætari því að þær reyna að verja sig eins og allar

lífverur. Þær hafa einkum tvær aðferðir til þess, annars vegar að gera sig ramma á bragðið, svo þær gedjist okkur síður og hins vegar með tréun, en það er til þess að standa sterkar á móti vindinum. Við getum ekki melt trénaða plöntu og viljum ekki ramma bragðið og þess vegna nýtum við þessar jurtir helst á vorin á meðan þær eru ferskar. En það er líka á vorin sem við þurfum virkilega á þeim að halda. Við komum slöpp og þreytt eftir myrkur og kulda og óstöðugt veðurfar vetrarins. Villta plantan okkar þarf að ganga í gegnum sama ferli og er einmitt svo dugleg og kraftmikil og gagnast okkur svo vel á þessum árstíma. Skilningurinn á þessu er það sem liggur til grundvallar áherslunnar á neyslu villtra plantna þegar þær eru ungar og ferskar.“

#### Slow food-hugsunin

Við gætum nefnt til sögunar margar fleiri stefnur – en hver er þín niðurstaða eftir áratuga reynslu í þessum efnunum?

„Mín uppáhaldskenning er eiginlega „Slow Food“ stefnan, gengur út á að nýta það sem hendi er næst, hreinast, nýjast og ferskast á okkar markaði. Hún felur einnig í sér að njóta matarins og gleyma því ekki hversu stór þáttur matargerðin er í menningu okkar í heild. Við eigum að draga þessa menningu fram og allt hefur þetta verið gert í einhverjum mæli. Á hinn bóginn held ég að mannkynið sé á miklu breytingaskeiði. Fyrri kynslóðir lifðu í því sem kalla mætti þrívíðan heim en við erum komin í fjórvíðan heim. Með viddum er ég að tala um að í þrívíðum heimi hengjum við flatt tvívítt málverk upp á vegg, í fjórvíðum heimi horfum við á kvikmyndir á hreyfingu og með fjarvidd inn í myndflötinn erum við í allt öðru samskiptakerfi, og það á líka við um matarverslun. Í þessum nýja fjórvíða heimi eru allt aðrir hlutir í gangi, rafbylgjur, nýjar hugsanir, jafnvel nýr líkami, við beitum heilanum öðruvísi og þá höfum við tilhneigingu til að fara í léttari fæðu. Fæðan byggist ekki lengur á að taka inn „eldsneyti“ til að brenna heldur reynum við að afla okkur léttari orku.“

Líf okkar er ferðalag og við erum oft ráðvillt og beggja átta vegna þess að við skiljum ekki hvað þetta ferðalag er eða hvert það leiðir. Þess vegna eru allar þessar stefnur í gangi og við erum líka um leið að reyna að vinna okkur upp á afskaplega óhollu tímabili í verslunarháttum þar sem við höfum



Fíflahauser í söppu bíða eftir að verða djúpsteiktir og eru þá bornir fram með tamari- eða sojasósu.

verið að nota alltof futuríkan og sætan mat, sem þurfti að þola geymslu í búðarhillum, sem kallar á öll rotvarnarefni. Þetta hefur orðið til að líkami okkar fær ekki réttu næringarefni og starfar þar af leiðandi ekki rétt. Við þurfum eiginlega að leita allra ráða til að vinna móti þessu. Hráfæðið er til dæmis tilraun til að létta það sem við köllum bruna líkamans og ég hef heyrt um fólk sem hefur gengið svo langt að reyna að vinna sér orkuna úr sólarljósinu. Allt er þetta tímanna tákn og það er afskaplega gaman að fylgjast með þessu. Ein stefnan er að borða duft úr dós, sem er fyrir suma eina leiðin til að vinna sig út úr lífsstílsflækjunni sem við mörg okkar erum komin í. Ég hef kosið að leita meira út í náttúruna eftir næringunni – en það er líka bara lífsstíll. Það velja sér allir sinn lífsstíll.“

**Minna mál með  
SagaPro**

SAGAMEDICA  
www.sagamedica.is

# Ferðamaður í eigin landi



**Einar Skúlason**  
framkvæmdastjóri Wapp

Sumarið er runnið upp og margir verða á faraldsfæti víða um land. Vinsælast er að ferðast um landið í júlí og þá er bæði fjöldi Íslendinga og útlendinga í hámarki. Sumir býsnast yfir fjöldanum á vinsælustu ferðamannastöðunum og auðvitað er mikill fjöldi samankominn á mörgum stöðum, sérstaklega á Suðurlandi. Það dregur úr náttúruupplifun að deila stað með mörg hundruð eða þúsund manns og því hlýtur að vera eftirsóknarvert að fara um svæði þar sem eru færri ferðamenn. Ég vil því hvetja landsmenn til að hugsa lengra og velta fyrir sér hvort ekki eru staðir sem þeir eiga eftir að heimsækja og skoða.

**Það dregur úr  
náttúruupplifun að deila  
stað með mörg hundruð eða  
þúsund manns og því hlýtur  
að vera eftirsóknarvert að  
fara um svæði þar sem eru  
færri ferðamenn**

## Vestfirðir

Vestfirðir eru til dæmis gríðarlega spennandi svæði og þar hefur ferðamönnum fjölgað hægar en í öðrum landshlutum. Ef við skoðum sunnanverða Vestfirði þá má stoppa í Vatnsfirðinum og ganga á nokkrum stöðum og kannski sjá örn á flugi. Hægt er að kaupa nýju göngubókina um Barðastrandarhrepp og uppgötva Mórudal og fleiri fallega staði. Velja sólríkan dag og verja honum á Rauðasandi í sólbaði, skoða selalátrið með



Rollur á Rauðasandi.



Listaverk Samúels í Selárdal.



Greinarhöfundur og synir í náttúrulegum lauginni í Vatnsfirði.

tugum sela og röltu upp að Sjöundá og skoða söguvið eins þekktasta sakamáls síðustu alda á Íslandi.

Það er svo ógleymanlegt að koma að Látrabjargi og spjalla við lundann þar sem hann situr í mestu makindum í eins metra fjarlægð og horfa á Snæfellsjökul í góðu skyggni. Í kringum sumarsólstöður má koma sér fyrir ofan við bjargið og fylgjast með sólsetri og heyra hvernig tugþúsundir fugla þagna allt í einu fyrir lúrin sinn. Mörg undanfarin sumur hefur verið hægt að fylgjast með höfrungum í Patreksfirði og hnúfubak og hnísam í Arnarfirði.

**Við eigum svo marga spennandi og fallega staði að ég hvet alla til að gerast ferðamenn og landkönnuðir í eigin landi**

Selárdalur er seiðmagnaður með ógleymanlegum listaverkum Samúels Jónssonar og andi Gísla á Uppsölum svífur enn yfir vötnum. Náttúruleugar í Vatnsfirði, Tálknafirði og Reykjafirði og sundlaugar á Patreksfirði, Tálknafirði, í Flókalundi og við Birkimel eru svo punkturinn yfir i-ið á þessu fallega svæði.

Norðanverðir Vestfirðir eru svo ekki síðri, hvort sem farið er um firðina, Djúpið eða Strandir, að ekki sé minnst á friðlandið á Hornströndum. Það er auðveldlega hægt að verja öllu sumrinu á Vestfjörðum og sjá eitthvað nýtt og spennandi á hverjum degi.



Lundi á látrabjargi.



Pristapar.





Borgarvirki.



Hvítserkur.

### Norðurland vestra

Flestir telja sig þekkja Norðurland vel, en þegar nánar er að gáð er það hugsanlega bundið við tiltekin svæði. Til dæmis má keyra af Þjóðveginum við Hvammstanga og nýta sér góða sundlaug þar, fara svo Vatnsneshringinn, stoppa á Illugastöðum og skoða sögusvið atburða sem leiddu til síðustu aftöku á Íslandi þegar Agnes og Friðrik voru tekin af lífi fyrir morðin á Natan Ketilssyni og Fjárdráps-Pétri. Hannah Kent skrifaði bók byggða á þessum atburðum og kvikmyndarétturinn var seldur til sama teymis og framleiddi Hunger Games myndirnar og fréttir voru fluttar af því í kjölfarið að Jennifer Lawrence ætti að leika Agnesi en ekkert hefur verið staðfest í þeim efnum.

Ekki má gleyma selunum á Illugastöðum og þar er sérstakt skýli með sjónaukum til að skoða seli og fugla. Þegar komið er fyrir Vatnsnesið er hægt að skoða Hvítserk og fólk er hvatt til

að fara göngustíginn niður í fjöru og skoða þennan sérstaka klett í nærmynd og jafnframt selalátrið í Sigríðastaðaósi í leiðinni. Eftir það má gera stutt stopp við Borgarvirki, fara í göngutúr við Kolugljúfur í Víðidal, Vatnsdalshóla og Prístapa þar sem fyrrnefnd aftaka fór fram.

Vatnsdalshólamegin við ána og aðeins inn með dalnum er Kattarauga, tjörn með tveimur fljótandi hólum eða eyjum sem mjög sérstakt og skemmtilegt er að skoða. Á Blönduósi er Hrótey, sannkölluð perla, og einnig má ganga frá höfninni meðfram ströndinni að Bolabás og skoða fugla og seli. Spákonufellið er spennandi fjall ofan Skagastrandar og Kálfshamarsvík er þögl í dag miðað við 100 manna byggð áður fyrr. Í Skagafirði er bátsferð út í Drangey stórkostleg og það í Grettislaug á eftir er ómissandi. Rölt upp á Reykjarhól við Varmahlíð er á færri flestra og Glaumbær, Víðimýrarkirkja og Hofsóss sýna gamla tímann í skemmtilegu ljósi svo ekki sé minnst á Hóla í Hjaltadal.

### Svo margt að skoða

Við eigum svo marga spennandi og fallega staði að ég hvet alla til að gerast ferðamenn og landkönnuðir í eigin landi. Margt er til á Netinu um þessa staði, árbækur Ferðafélags Íslands eru uppfullar af fróðleik og víða hafa verið gefnar út sérstakar göngubækur, sögukort eða annar fróðleikur um staðina. Wapp – Walking app er með lengri og styttri gönguleiðir víða um land og fólk er hvatt til að hlaða því á símana sína og fá þannig áreiðanlega leiðsögn, auk tengingar við staðsetningarbúnað og gott kort.

Góða ferð og góða skemmtun! 🌟

**Við eigum svo marga  
spennandi og fallega staði  
að ég hvet alla til að gerast  
ferðamenn og landkönnuðir  
í eigin landi**



Selir við Illugastaði.

**Reyðarfjörður**

Hárstofa Sigríðar ehf Austurvegi 20a  
Krana- og grófuleiga Borgþórs ehf  
Hæðargerði 4  
Skiltaval ehf Leiruvogi 4  
Stjórnendafélag Austurlands Austurvegi 20  
Tærgesen, veitinga- og gísthús

**Eskifjörður**

Egersund Ísland ehf Hafnargötu 2  
H.S. Lækning ehf Bleiksárhlöð 38  
Rafkul ehf Brekkubardi 3

**Neskaupstaður**

Haki ehf verkstæði Naustahvammi 56a  
Samvinnufélag útgerðamanna, Neskaupstað  
Hafnarbraut 6  
Síldarvinnslan hf Hafnarbraut 6

**Stöðvarfjörður**

Brekkan - Verslun og veitingastofa  
Fjarðarbraut 44

**Djúpavogur**

Berunes farfuglaheimili ehf Berunesi I

**Höfn í Hornafirði**

Ferðabjónustan Árnanes Árnanesi 5  
Ferðabjónustan Gerði Suðursveit  
Funi ehf, sorphreinsun Ártúni  
Humarhöfnin ehf Hafnarbraut 4  
Kaffi Hornið ehf Hafnarbraut 42  
Króm og hvítt ehf Álaleiru 7  
Uggj SF-47 Fiskhóli 9  
Þingvöð ehf, byggingaverktakar Tjarnarbrú 3  
Þrastarhöll ehf Kirkjubraut 10

**Öræfi**

Ferðabjónustan Svinafelli - www.svinafelli.is  
Svinafelli I

**Selfoss**

Bífreiðaverkstæðið Klettur ehf Hrísmýri 3  
Bisk-verk ehf Bjarkarbraut 3, Reykholti  
Bókaútgáfan Björk Birkivöllum 30  
Eðalbyggingar ehf Háheiði I  
Ferðabjónustan Úthlið-www.uthlid.is, s: 699  
5500 Úthlið II

Flóahreppur Þingborg  
Gardyrkjústöðin Engi Reyholti Biskupstungum  
Grímsnes og Grafingshreppur  
Stjórnsýsluhúsinu Borg  
Guðnabakarí ehf Austurvegi 31b  
Hjá Maddý ehf Eyrauvegi 27  
Hótel Gullfoss Brattholti  
Jarðverksþjónustan ehf Stekkholti 10  
Kvenfélag Grímsneshrepps  
Landstólpi ehf Gunnbjarnarholti  
Máttur sjúkrajálfun ehf Háheiði 5  
Mjólnir, vörubílstjórufélag Hrísmýri I  
Múrdeildin ehf, s: 899 2346 Öndverðarnesi I  
Reykúsið Útey Útey I  
Sjúkrajálfun Selfoss ehf Austurvegi 9  
Sláttu- og garðabjónusta Suðurlands  
Lyngmóa 3  
Suðurtak ehf Brjánsstöðum 2  
Grímsnesi og Grafingshreppi  
Veidisport ehf Miðengi 7  
Vélabjónusta Ingvars Gagnheiði 45  
Österby-hár Austurvegi 33-35

**Hveragerði**

Gardyrkjústöð Ingibjargar Heiðmörk 38  
Kjörís ehf Austurmörk 15

**Þorlákshöfn**

Bergverk ehf Heinabergi 21  
Hreingerningabjónusta Suðurlands ehf  
Klébergi 13  
Þorlákshafnarhöfn

**Ölfus**

Eldhestar ehf Völlum  
Garpar ehf Reykjakoti 2  
Gljúfurbústaðir ehf Gljúfri  
Gróðrarstöðin Kjarr Ölfusi  
Hraunsós ehf Hrauni Ib

**Eyrbakkí**

Rauða húsið, veitingahús Búðarstíg 4

**Stokkseyri**

Hásteinn ehf Stjörnusteinum 12

**Flúðir**

Varmalækur ehf Laugalæk

**KÄRCHER®**  
**Ryksuger**  
Fyrir heimilið og vinnustaðinn

**CV 38/2**  
Ryksuga með bursta  
1150 wött  
5,5 ltr. tankur

**T 7/1**  
1200 wött  
7 ltr. tankur  
Gólfhaus

**CV 48/2**  
Ryksuga með bursta  
1200 wött  
5,5 ltr. tankur

**T 12/1**  
1300 wött  
12 ltr. tankur  
Sérlega hjólað  
Margir fylgihlutir  
Gólfhaus

**T 10/1**  
1250 wött  
10 ltr. tankur  
Margir fylgihlutir  
Gólfhaus

**RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN**  
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ

**Hella**

Bíla- og vélaverkstæðið Raudalæk ehf Lækjarbraut 4  
Hestheimar, ferðabjónustubýli - www.hestheimar.is  
Hótel Leirubakki Leirubakka  
Kanslarinn veitingahús Dynskálum 10  
Rangá ehf, trésmíðja Ægissíðu 4

**Hvolsvöllur**

Ásriki ehf Ásgarði  
EG Verktak ehf Stóragerði I  
Ferðabjónustan Hellið ehf  
Héradsbókasafn Rangæinga Vallarbraut 16  
Krappi ehf, byggingaverktakar Ormsvöllum 5  
Kventlagið Freyja  
Rafverkstæði Ragnars ehf Ormsvellir 10B

**Vík**

Gistiheimilið Norður-Vík ehf Suðurvíkurvegi 5  
Mýrdælingur ehf Suðurvíkurvegi 2  
RafSuð ehf Suðurvíkurvegi 6

**Kirkjubæjar-  
klostur**

Geirland ehf, hótél og veitingarekstur  
Hótel Laki Efri-Vík  
Icelandair Hótel Klostur Klosturvegi 6  
Skaftárhreppur Klosturvegi 10

**Vestmannaeyjar**

Áhaldaleigan ehf Skildingavegi 10-12  
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf  
Flötum 31  
Bíla- og vélaverkstæði Sigurjóns Flötum 20  
Bókasafn Vestmannaeyja Safnahúsinu  
Bragginn sf, bíla- og vélaverkstæði Flötum 20  
D.P.H ehf, sjúkrajálfun Hólögötu 12  
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun  
Ofanleitisvegi 15-19  
Kranabíla- og vélaverkstæði Strandvegi 97  
Krám ehf Boðaslóð 12  
Skýlið Friðarhöfn  
Volare ehf Heiðarvegi 9

# Að lesa umhverfið



Ómar Smári Ármannsson  
aðstoðaryfirlögregluþjónn

„Heima er best“, segir máltækið. En þegar við þurfum og viljum fara ferða okkar utan heimilis eða dvalarstaðar þurfum við að kunna að lesa umhverfið. Tökum nokkur dæmi. Þegar gengið er, eða farið um í hjólastól, þarf sá hinn sami stöðugt að líta í kringum sig og rýna eftir nálægum umferðarmerkjum, götuköntum og misfellum í gangstéttum, en jafnframt eftir einhverju áhugaverðu, honum/henni til fróðleiks og ánægju. Þetta geta verið sögulegir staðir, s.s. Alþingishúsið eða Stjórnarráðið, litskrúð náttúran eða bara fallett umhverfið: Hljóm-skálagarðurinn, Laugardalurinn, Kirkjufellið, Rauðanes eða Goðafoss. Um blinda gegnir hins vegar öðru máli. Þeir þurfa bæði handleiðslu og leiðsögn til að geta upplifað slík góðgæti á framangreindum stöðum.

## Um 1200 ára saga

Þegar af stað er farið, með það að markmiði að skoða áhuga-verða staði, er mikilvægt að hafa nokkur heilræði á bak við að minnsta kosti annað eyrað. Landið sem við ferðumst um á sér nálægt 1200 ára sögu. Í því leynt bæði ógreinilegar og greinilegar mannvistarleifar, svo sem tóftir íbúðarhúsa, úti-húsa, selja og veiðistöðva. Á milli allra staða lágu leiðir fyrrum. Þær voru gjarnan varðaðar. Enn í dag má sjá vörðurnar við þær, eða að minnsta kosti leifar þeirra, þótt nýir akvegir, sem hafa tekið mið af nútímalegri þörfum, hafi verið lagðir í seinni tíð í stað hinna fornu leiða.

Mannvist í nýju landi fylgdi óhjákvæmlegt verulegt jarðrask. Allt það er maðurinn hefur áorkað í gegnum tíðina má lesa af landinu. Samkvæmt sögulegum heimildum komu fyrstu norrænu landnemarnir til landsins í kringum 872 e. Kr. Í þeim sömu heimildum er þó sagt frá öðrum íbúum, sem hér voru fyrir, þöpum (Írum). Óljóst er hversu lengi þeir höfðu búið í landinu áður en norrænir menn komu hingað til fastrar búsetu. Elstu búsetuminjar norrænna manna er að finna í miðbæ Reykjavíkur. Hluti þeirra hafa verið gerðar opinberar.

## Reykjaneskaginn

Til að auðvelda umfjöllunina er hún öll yfirfærð á Reykjaneskagann, fyrrum landnám Ingólfs. Það er reyndar ekki svo vitlaust því svæðið sem slíkt endurspeglar sögulegt samhengi landsins alls.

## Náttúran á Reykjaneskaganum verður að teljast einstök á heimsvísu, þótt ekki væri fyrir annað en flekaskil jarðskorpunnar

Á Reykjaneskaganum má til dæmis finna um 130 fornar þjóðleiðir, 360 fornar selstöður, 110 fornar réttir, 86 fornar refagildrur, um 300 hella og fjárskjól, 183 brunna og vatnstæði, 93 varir og 23 verstöðvar - fyrir utan allar hinu fornu bæjarleifar, sem framangreindar selstöður gefa til kynna.

Á Reykjaneskaganum má auk þessa sjá leifar að minnsta kosti 130 fjárborga, 87 letursteina, 86 refagildrur, óteljandi vörður og um það bil 60 flugvélaflök frá tímum Seinni heimstyrjaldarinnar. Fyrir utan þetta má í landshlutanum finna leifar nánast óteljandi minja, bæði skráðra og óskráðra. Sumar þeirra eiga enn eftir að koma á óvart, til dæmis minjarnar í Húshólma.

## Einstök náttúra

Náttúran á Reykjaneskaganum verður að teljast einstök á heimsvísu, þótt ekki væri fyrir annað en flekaskil jarðskorpunnar. Búin hefur verið til áþreifanleg og aðgengileg ásýnd þeirra fyrir ferðamenn á svæðinu milli Hafna og Reykjanesvita – „Brúin milli heimsálfa“.

Í Austurhálsi (Sveifluhálsi) og Vesturhálsi (Núpslíðarhálsi) má sjá ljóslifandi afurðir goss undir ísaldarjöklinum fyrir meira en 11 þúsund árum. Í Þráinsskyldi og Hrutargjádyngju er t.d. skráð saga dyngjujarðfræðitímabilsins á svæðinu (7-5



hundruð ára) og Eldvörpin eru dæmigerð sprungureinagos-hrina frá 13. öld. Slík gos tíðkast hér á landi enn í dag.

### Nauðsyn hreyfingarinnar

Í kjölfar fæðingar sér hreyfingin um viðhald lífsins - á meðan það varir. Þess vegna er svo nauðsynlegt fyrir hvern og einn að nýta sér hina margvíslegustu möguleika hreyfingar á hverjum tíma. Einföld hreyfing getur verið fólgin í að fara fram úr á morgnana, huga að nauðsynlegum verkefnum, svo sem að ganga niður öll þrep stigagangsins í stað þess að taka lyftuna, ganga út í bílinn, fara út í búð eða sinna öðrum mikilvægum erindum þann daginn. Allt kallar þetta á einhverja hreyfingu.

Það er líka hægt að bæta um betur og taka einfaldlega þá ákvörðun að ætla hreyfa sig svolítið umfram það dags daglega. Það má auðveldlega gera, til að byrja með, með því að nýta sér bara sitt nánasta umhverfi til að skoða allar þær merkilegu dásemdir, sem það hefur upp á að bjóða. Auk fyrrum mannvistarleifa má gjarnan huga að breytilegum gróðrinum eftir árstíðum, tímabundnum vexti í ám og lækjum að vorlagi, komu farfuglanna, hreidurgerð, eggjum og uppvexti unganna.

Erfitt getur verið að taka ákvörðun um breytingar frá því sem verið hefur, það er hinu venjulega. Það er þó hægt - og er í rauninni alls ekki svo erfitt. Það eina, sem þarf að gera er að taka ákvörðunina, kanna aðstæður (til dæmis á Netinu), meta vegalengdir, ákveða hvort ætlunin er að ganga styttri hringleið eða lengri, eða fram og til baka, leggja síðan af stað, skoða umhverfið allt og upplifa það á sem áhrifalegastan hátt. Í raun skiptir veðrið litlu máli - það er okkar að búa okkur eftir aðstæðurm hverju sinni.

### Íslenska flóran

Gróður - blóm, mosi og trjágróður ýmiskonar - er áhuga-verður til skoðunar á hinum ýmsu árstímum. Enginn veit með vissu hvað íslenska flóran hefur að geyma margar tegundir af plöntum. Á hverju ári finnast allmargar nýjar tegundir, bæði af sveppum, fléttum og mosum sem ekki var áður vitað að væru til á Íslandi. Það er hins vegar sjaldgæfara að nýjar blómplöntur og byrkingar finnast.

Eftir því sem best er vitað í dag, á þessari stundu, munu um 5.400 villtar tegundir plantna vaxa í landinu.

Á Reykjanesskaganum er stundum sagt að þar sé einungis eitt blóm - og þá er mosinn ekki meðtalinn. Þetta blóm heitir stundum lambgras, stundum geldingahnappur, stundum bláklukka, stundum brönugras - allt eftir hvernig á það er litið. Þetta eina blóm vekur alltaf jafn mikla athygli, hvar sem til þess sést á annars fáskrúðugu landi. Þess vegna er svo mikilvægt að líta niður fyrir sig og í kringum sig þegar þegar gengið er um skagann. Horfa þarf á öll litlu blómin, lit þeirra og lögun. Hvoru tveggja segir til um nafn þess - hvert blómið er.

Sjálfum þykir mér mest koma til vetrarblómsins - þess er fyrst blóma blómstrar á vorin (venjulega í kringum 20. mars). Vetrarblómið boðar vorkomuna. Auðveldast er að vitja þess undir Hellunni við Kleifarvatn.

### Hraunin

Stór hluti Reykjanesskagans er stór þakinn hraunum og eru þau klædd mosapembu (hraungambra), mólendi eða jafnvel kjarri, allt eftir aldri hraunanna. Að öðru leyti ber mest á lyng- og heidagróðri, mólendi eins og það er oftast kallað, en minna ber á graslendi eða jurtagróði þó það sé einnig til og þá aðallega í lautum og bollum. Einnig er töluvert kjarlendi í brúnum.

Á seinni árum hefur sá trjágróður sem gróðursettur hefur verið sett svip á landið og jafnframt hefur annar gróður tekið verulegum framförum vegna skjóls og friðunar. Þó má sjá verulega gróðureyðingu á einstökum svæðum, svo sem í



Brönugras.

Á Íslandi eru nú skráðar:

- um 2000 tegundir af sveppum, auk um 700 tegundir sveppa sem eru fléttumyndandi, það er hafa þörungna í þjónustu sinni
- um 710 tegundir af fléttum
- um 600 tegundir af mosum
- um 430 tegundir villtra blómplantna
- um 40 tegundir af byrkingum

Krýsuvík og á Strandarheiði og upp með fjallshlíðum, svo sem í Brennisteinsfjöllum.

Allur gróður á sér ákveðinn líftíma. Þá deyr hann og annar gróður tekur við. Á meðan vinna vindar, vatn og frost á veikburða gróðrinum og gerir nýjum erfitt uppdráttar.

Á heimasíðu Náttúrustofu Reykjaness er fjallað um jarðfræði og gróður á Reykjanesi. Þar segir meðal annars: „Fyrir meira en 10.000 árum myndaðist Reykjanesskaginn út frá Lönguhlíðafjöllunum og Undirhlíðum, Öskjuhlíðin, Digranesið, Arnarnesið, Hálsarnir fyrir ofan Hafnarfjörð, Hvaleyrartanginn og Holtin, Vesturháls, Austurháls, Skógfellin, Þórðarfell, Þorbjarnarfell, Miðnesið og slík auðkenni. Síðan hlóðust hraungos allt í kring og fylltu inn á milli.

Að minnsta kosti tólf hraun hafa runnið á Reykjanesskaga síðan land byggðist, svo sem Afstapahraun um 900, Hvaleyrarhraun og Svínahraun um 1000, Ögmundarhraun og Kapelluhraun 1151 og Rjúpnadyngjuhraun og Mávahlíðahraun um 1188. Svartahraun við Bláa lónið er frá 1226. Kapelluhraun er frá 1150. Afstapahraun er frá sögulegum tíma og Stampahraun og Arnarseturshraun eru frá 1226. Nýjasta er sennilega frá 14. öld, það er hraun við Hlíðarvatn frá árinu 1340. ▶



Eldvörp.

### Vötnin

Eftir að jökul leysti af skaganum fyrir um 12-15 þúsund árum hafa um 200 eldstöðvar á fjórum eldstöðvarkerfum verið virkar á svæðinu og úr þeim runnið um 42 rúmkílómetrar af hrauni sem þekur yfir 1000 ferkílómetra landssvæði. Þar má finna helstu gerðir íslenskra eldstöðva eins og hraunskildir (dyngjur), gígaraddir, gígahópar og sprengigígir, til dæmis Grænavatn. Auk þess má sjá sigkatla eins og Hvirfil og Kistufell.

Lítið er um stöðuvötn og læki á Reykjanesi, en Kleifarvatn, sem er mest allra vatna á Reykjaneskaganum, er á sjálfu gosbeltinu. Vorkvöldin þar til myndatöku eru hrein dásemd – hvað þá norðurljósamyndefnin að vetrarlagi.

Víða á skaganum eru smávötn (Djúpavatn, Grænavatn, Seltjörn, Snorrastaðatjarnir, Hvaleyrarvatn og Urriðavatn) og tjarnir (Augun í Krýsuvík, Hraunsfells-Vatnsfells vatnstæðið, Fagradals-Vatnsfells vatnstæðið), bæði í lægðum og gígum. Vatnstæðin og sum vötnin hafa þótt aðlaðandi selstæði, til að mynda Hvaleyrarvatn, Seltjörn og Snorrastaðatjarnir sem og Kaldá við Kaldársel.

**Lítið er um stöðuvötn og læki á Reykjanesi, en Kleifarvatn, sem er mest allra vatna á Reykjaneskaganum, er á sjálfu gosbeltinu**

Þeir/þær/þau er vilja leita sér nákvæmari upplýsinga um áhugaverða staði á Reykjaneskaganum geta kikið á [www.ferlir.is](http://www.ferlir.is). Eða sent fyrirspurnir á netfangið [ferlir@ferlir.is](mailto:ferlir@ferlir.is). Auk þess má kynna sér meira um efnið á vefsíðunum <http://borgarsogusafn.is/adgengi> og <http://www.thjodminjasafn.is/> 🌟



Bálkahellir

# Sunnudagsgöngur fjölskyldunnar í júní



SÍBS í samstarfi við Ferðafélag barnanna bjóða upp á gönguferðir á sunnudögum í júní fyrir alla fjölskylduna

Sameiginlegt markmið SÍBS og Ferðafélag Íslands (FÍ) er að stuðla að bættri heilsu þjóðarinnar. Ferðafélag barnanna var stofnað af FÍ að hvetja börn og foreldra til útiveru og samveru í náttúru landsins en einnig má nefna fjallaverkefni FÍ og Biggest winner. Í starfi SÍBS er lögð áhersla á vitundarvakningu, endurhæfingu, virkni, vitundarvakningu og fræðslu, samanber Reykjalundarnámskeið SÍBS, SÍBS blaðið og gönguáskoranir SÍBS.



Fararstjórar frá Ferðafélagi barnanna leiða för og líkt og í öllum ferðum Ferðafélags barnanna er gengið á forsendum barnanna, farið rólega og notið þess að vera úti í náttúrunni.

Dagskráin er sem hér segir:

Sunnudagur	5. júní	kl. 11 – 12.30	Nauthóll – gengið um í Öskjuhlíðinni
Sunnudagur	12. júní	kl. 11 – 12.30	Bílastæði við Rauðhóla - ratleikur í reit FÍ um Heiðmörk
Sunnudagur	19. júní	kl. 11 – 12.30	Árbæjarlaug – gengið um í Elliðaárdal
Sunnudagur	26. júní	kl. 11 – 12.30	Gróttta – gengið um í fjörunni við Gróttu

Gott er að vera í göngu- eða íþróttafatnaði, göngu- eða íþróttaskóm og klæða sig eftir veðri og taka með sér nesti í bakpoka. Boðið verður upp á glaðning í síðustu göngunni. Nánari upplýsingar má finna á Facebook og heimasíðu SÍBS og FÍ. Þátttaka er ókeypis - allir velkomnir



HJÁLPARTÆKI



NÆRINGARVÖRUR



ÆFINGATÆKI



STUÐNINGSHLÍFAR

## VIÐ LÉTTUM ÞÉR LÍFIÐ

Fastus ehf. býður upp á heildarlausnir innan endurhæfingar, hjúkrunar og hjálpartækja. Í verslun Fastus að Síðumúla 16, 2. hæð er að finna gott úrval af heilbrigðisvörum. Sérhæft fagfólk leggur metnað sinn í að finna lausnir og aðstoða við val á vörum.

Komdu og skoðaðu úrvalið. Við tökum vel á móti þér og finnum réttu lausnina fyrir þig.

FASTUS, HE. 200516


**FASTUS**

Verið velkomin í verslun okkar  
að Síðumúla 16.

Opíð mán - fös 8.30 - 17.00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Veit á vandaða lausn



**HOTEL**  
**VESTMANNAEYJAR**

- þar sem hjartað slær!

Vestmannabraut 28 | S. 481 2900 | hotelvestmannaeyjar.is

# Búum til okkar eigin ævintýri í sumar



Lára Guðrún Sigurðardóttir  
læknir



Sigríður Arna Sigurðardóttir  
hjúkrunarfræðingur

Við þekkjum flest þá tilhlökkun sem fylgir því að fara í sumarfrí. Stundum eru miklar væntingar um hið fullkomna frí, svo sem ferðalög til útlanda, þar sem allir eiga að hafa það svo skemmtilegt. En áður en við vitum af nálgast haustið og sumarið er á enda. Stundum geta miklar væntingar valdið kvíða og togstreitu. Jafnvel skemmt ánægju að fara saman í frí. Því getur verið gott að minna sig á að þegar upp er staðið er það samvera með okkar nánustu sem skiptir meginmáli þegar sumarfrí er skipulagt. Þó að ferðir til útlanda eða nýjir hluti gleðji þá er það miklu fremur félagsskapurinn og að upplifa eitthvað nýtt sem raunverulega færir okkur hamingju. Sjaldnast þarf að fara langt til að eignast dýrmætar minningar. Með opnum hug er hægt að skapa ævintýri og skemmtun þar sem fjölskyldan nýtur þess að vera saman.

## Náttúran er fyrirtaks leiksvæði

Á Íslandi eru margir fallegir staðir í náttúrunni sem gaman er að heimsækja með börn og skilja eftir sig einstaka upplifun. Náttúran sem leiksvæði býður upp á óendanlega möguleika og börn eru meistarar í að finna upp á leikjum. Runnar og kjarr eru spennandi rannsóknarefni. Plöntur, vatn, sandur, steinar og mold breytast á svipstundu í leikföng og byggingarefni. Okkar sibreytilega náttúra er einnig mikilvæg fyrir þroska barna því hún örvar skilningarvit og hreyfiproska barna ásamt því að næra hug og hjarta og auka almenna vellíðan.

## Hvaða fyrirmynd á barnið?

Maður hefur gott af því að spyrja sig reglulega hvernig fyrirmynd maður er því við foreldrar og nánir ættingjar erum fyrirmyndir barna okkar. Hegðun þeirra endurspeglar okkar hegðun að miklu leyti og ef við tökum ábyrgð á okkar eigin heilsu og vellíðan læra börnin það einnig. Börn læra nefnilega af hegðun en ekki orðum. Ef við búum til góðar stundir með börnunum í náttúrunni, er líklegra að þau muni sækja í félagskap okkar síðar meir auk þess sem þau læra að sækja ró, kraft og heilsu í okkar einstöku náttúru.

## Hreyfum okkur með börnunum

Hreyfingarleysi og kyrrseta meðal barna er að verða ein stærsta orsök lífsstíllsjúkdóma sem minnkar lífsgæði þeirra



**Náttúran sem leiksvæði býður upp á óendanlega möguleika og börn eru meistarar í að finna upp á leikjum**

og styttr lífaldur. Staðreyndin er sú að meira en helmingur barna fær ekki næga hreyfingu og eftir því sem börnin eldast og detta úr íþróttum þá eykst hlutfall þeirra sem fær ekki næga hreyfingu. Með því að stunda hreyfingu með börnunum, hvort sem það er að hjóla, fara í fjallgöngu eða göngutúr á jafnsléttu, synda eða eitthvað annað, þá læra þau í leiðinni að fá útrás og sækja orku og ró í náttúruna.

Hreyfing er besta meðalið gagnvart flestum algengum sjúkdómum og kvillum. Hún styrkir ónæmiskerfið og lætur okkur líða vel andlega með því að losa hormón eins og endorfín, dópamín og serótónín. Með því að stunda hreyfingu með börnunum erum við að stuðla að heilbrigði þeirra sem endist þeim að eilífu.



**Á Íslandi er ekki alltaf hægt  
að treysta á góða veðrið.  
Það þarf þó engum að leiðast  
þó veðrið sé ekki gott því  
maður klæðir sig bara eftir  
veðri og lætur það ekki spilla  
ánægjunni**

**Náttúran nýtt til að fá hugarró**

Í dag alast börn upp við mikið áreiti í samfélaginu, ólíkt því sem við þekkjum mörg hver úr okkar æsku. Flestir eru með snjallsíma og tölvun er sjaldan langt undan. Allt þetta áreiti elur á streitu meðal barna. Andstæðan við streitu er friðsæld og hugarró, sem fæst einmitt með því að minnka áreitið í umhverfinu og er náttúran kjörin staður til þess.

Við getum einnig aukið ánægju og gleði með því að taka virkan þátt í upplifun barnanna og tileinka okkur þakklæti fyrir þær stundir sem við eigum með þeim. Börn eru sérfræðingar í að njóta augnabliksins og við getum auðveldlega lært af þeim hvernig á að njóta líðandi stundar, ef við höfum gleymt því.

Flestir vinna langan vinnudag og því verður sá tími sem við eigum með börnunum mjög dýrmætur og mikilvægt að nýta hann vel.

Það er einnig gott að minna sig á að það er ekki nóg að vera á staðnum heldur þarf maður einnig að vera til staðar fyrir barnið. Það er líka ákveðið frelsi sem felst í því að slökkva á símanum eða að ákveða tölvu- og símalausan dag, til dæmis símalausan sunnudag. Við setjum okkur fullt af tilbúnum skyldum, eins og húsverk, svara tölvupóstum, en það er gott

að minna sig á að snjalltækin og þessi svokölluð skylduverk geta beðið á meðan æska barnsins gerir það ekki.

Það er máltæki sem segir “**Vinnan bíður á meðan þú sýnir barninu þínu regnbogann, en regnboginn mun ekki bíða á meðan þú vinnur**” sem er einmitt mjög lýsandi fyrir það hve hratt þessi tími líður sem við fáum með börnunum. Viljum við skoða regnbogann með barninu eða klára verkefni sem getur beðið?

**Útivist í sumar**

Það er margt sem fjölskyldan getur gert saman í sumar. Stutt er í falleg útivistarsvæði þar sem allir geta notið sín í náttúrunni, tekið með nesti og einfaldlega notið þess að vera saman. Á Íslandi er ekki alltaf hægt að treysta á góða veðrið. Það þarf þó engum að leiðast þó veðrið sé ekki gott því maður klæðir sig bara eftir veðri og lætur það ekki spilla ánægjunni. Enda er það þannig að veðrið er yfirleitt betra þegar út er komið.

Til að fá sem mest út úr fríinu hjálpar að setja niður á dagatal það sem fjölskyldan ætlar að gera saman.

**Það eru nokkur atriði sem skipta máli á ferðalagi og í útivist með börnum:**

1. Það er sniðugt að leyfa barninu að taka þátt í að velja staðinn sem á að heimsækja.
2. Mikilvægt er að laga ferðina að þörfum barnsins. Á ferðalagi í bíl er gott að stoppa reglulega og brjóta upp ferðina með sundferð, göngutúr eða öðru. Í útivist er gott að flýta sér hægt, stoppa oftar og leyfa barninu að hvíla sig.
3. Passa að hafa nóg að borða og drekka. Víða um land eru skemmtilegir útivistarstaðir þar sem hægt er að stoppa og fá sér nesti úti í náttúrunni.
4. Klæða barnið eftir veðri. Það er ekkert jafn leiðinlegt fyrir barnið og geta ekki notið sín í leik.
5. Það getur verið þreytandi fyrir barn að ferðast í bíl. Því er gott að hafa til taks leiki til að stytta því stundir.

**Njótið sumarsins!**

## ÆVINTÝRIN LEYNAST VIÐA



Hér eru nokkrar skemmtilegar hugmyndir fyrir fjölskyldur í sumarfríinu. Staðirnir sem við nefnum miðast við höfuðborgarsvæðið og nágrenni þó fjöldinn allur af fallegum úti- vistarvæðum fyrir fjölskyldur finnst um land allt.

**FJALLGANGA** er skemmtileg fyrir börn og eru um allt land fjöll sem henta vel fyrir þau. Gott er að taka með nóg að drekka og borða og hafa þau í góðum skóm. Mikilvægt er að laga gönguna að þeirra þörfum og hvíla sig reglulega. Setja jafnvel markmið að þegar komið er að ákveðnu tré þá fái allir smá nesti. Dæmi um fjöll sem henta vel fyrir börn eru Esja, Úlfarsfell, Búrfell og Búrfellsgjá og Mosfell.

**FJÖRUFERÐ** er skemmtileg afþreying. Það er kyrrð og ró við hafið og börn geta dundað sér endalaust við að skoða lífríki fjörunnar. Þau elska að vaða í sjónum svo mikilvægt er að hafa þau klædd þannig að þau fái að njóta sín. Hægt er að vaða berfættur eða taka með sér vöðlur. Dæmi um skemmtilegar fjörur eru Gróttu, Álftanesströnd, fjaran við Grafarvog og Ylströndin í Nauthólsvík. Hjá Gróttu er einnig náttúrulegt



fótabað þar sem er einstakt útsýni yfir Faxaflóa og Esjuna og jafnvel hægt að sjá skip koma og fara.

**HJÓLATÚR** en þetta er einmitt rétti tíminn til að taka fram hjólin. Viða eru góðir hjólreiðastígar og gaman að taka með nesti og borða saman í náttúrunni eða á kaffihúsi. Vinsælt er að hjóla í Nauthólsvík á Ylströndina eða um stígana í Heiðmörk eða Öskjuhlíð.

**HELLASKOÐUN** er ævintýri út af fyrir sig og víða margir hellar sem gaman er að skoða. Mikilvægt er að hafa hjálma, vatnsheld fót og höfuðljós (jafnvel vasaljós til vara) þegar farið er inn í hella. Dæmi um skemmtilega hella eru Leiðarendi og Arnarker.





**KÖNNUNARLEIÐANGUR** á útivistarsvæði þar sem fjölskyldan getur farið í gönguferðir, leikið sér saman og borðað í náttúrunni. Heiðmörk, Öskjuhlíð og Elliðaárdalur eru dæmi um falleg útivistarsvæði. Indjánagil í Elliðaárdal er vinsælt hjá börnum en þar er lítil foss sem börnin hafa gaman af að stökkva fram af. Þá er gott að hafa sundföt, handklæði og jafnvel auka sokka.

**SUND** er alltaf vinsælt hjá börnum og um allt land eru frá-bærar laugar. Börn hafa gaman af að upplifa nýja sundlaug og prófa hinar ýmsu rennibrautir. Til dæmis er spennandi upplifun að fara í öldulaugina á Álftanesi, kíkjá jafnvel áður á Álftanesströnd, og veifa forsetanum á Bessastöðum á leiðinni heim.

**VEIÐI** er eitthvað sem flest börn hafa gaman af og höfum við aðgang að fjölda veiðivatna sem henta fyrir þau. Sem dæmi má nefna Reynisvatn, Vífilsstaðavatn og Hvaleyrarvatn. Þá minnum við á **veiðkort** sem getur gefið góðar upplýsingar og aðgang að 35 vatnasvæðum vítt og breitt um landið.

**MENNINGARFERÐ Í MIÐBORGINA** er skemmtileg afþreying. Flestum börnum finnst gaman að taka strætó, fara upp í Hallgrímskirkjuturn og skoða litina á húsbökunum. Upplagt er síðan að kenna þeim að þekkja kennileitin í borginni. Alltaf er gaman að fá sér eitthvað gott á kaffihúsi, kíkjá í bókabúð eða koma við á Borgarbókasafni sem er með frábæra aðstöðu fyrir börn.

**SAFNAFERÐ** er bæði fræðandi og skemmtileg. Við eigum frábær söfn sem börn hafa gaman af að heimsækja. Dæmi um skemmtileg söfn eru Árbæjarsafn, Sjóminjasafnið Víkin, Þjóðminjasafnið, Hvalasafnið og Kjarvalsstaðir. Klambratún liggur við Kjarvalsstaði og er það dásamlegur staður fyrir fjölskyldur og er þar meðal annars nýr og flottur leikvöllur.

**BOGIMI OG KLIFUR** er skemmtileg afþreying fyrir fjölskyldur og er klifur góð líkamsrækt sem reynir á samhæfingu, jafnvægi og styrk. Klifurhúsið er með fjölskyldutilboð um helgar. Bogfimisetið er með flotta aðstöðu og er bogfimi öruggt og skemmtilegt sport fyrir alla.

**DAGSFERÐ ÚT ÚR BÆNUM** jafnast á við örstutta utanlandsferð oft á tíðum. Það eru fjöldi staða sem gefa góða upplifun. Á **Suðurlandi** er til dæmis gaman að heimsækja dýragarðinn Slakka, fara í Gömlu lauginu á Flúðum, heimsækja býflugurnar í Friðheimum, villast í Völundarhúsinu á Engi, sjá hestaleiksfýringu í Fákaseli, ganga bak við Seljalandsfoss og baða sig í Reykjadal. Á **Reykjanesi** er heill heimur ævintýra. Gaman er að heilsa upp á skessuna í hellinum, skoða Garðskagavita, fara í Vatnaveröld, kanna ævintýraheim Lambafellsgjár, heimsækja Orkuverið jörð og grilla í Sólbrekkuskógi. Í **Borgarnesi** er gaman að heimsækja Bjössaróló, fara á Landnámssetrið eða skreppa í sund. Á **Akranesi** er spennandi að leika á Langasandi sem er baðströnd með skeljasandsfjöru og ganga á Akrafjall er alltaf vinsælt. Dagsferð til **Vestmannaeyja** er spennandi og ævintýraleg fyrir börn og svo er alltaf gaman að fara á **Þingvelli** á fallegum degi og fá að vaða við Öxarárfoss. Að sigla út í **Viðey** er mjög spennandi fyrir börn og er eyjan útivistarparadís fyrir þau.

---

Höfundar standa að félagsskapnum Útipúkar, sem eru með vefsíðuna [www.utipukar.is](http://www.utipukar.is) og einnig á Facebook. Ef lesendur hafa hugmyndir að samveru eða útvíst og vilja deila með öðrum lesendum þá eru allar hugmyndir velkomnar á [utipukar@gmail.com](mailto:utipukar@gmail.com)



*Fyrir þig, hjartað mitt*



# Hjartamagnýl®

– Dýrmæt forvörn

75 mg sýrupolnar töflur

**Notkun:** Hjartamagnýl sýrupolnar töflur innihalda 75 mg af asetýlsalícýlsýru. Hjartamagnýl er tekið til að minnka hættuna á að blóðtappar myndist og fyrirbyggja þannig frekari: Hjartaáföll, heilablóðföll, vandamál í hjarta og æðum hjá sjúklingum með hjartaöng, sem er í jafnvægi eða óstöðug. Hjartamagnýl er einnig notað til að koma í veg fyrir myndun blóðtappa eftir ákveðnar tegundir hjartaaðgerða til að vikka eða opna æðar. Ekki er mælt með notkun lyfsins við bráðaaðstæður. Það er eingöngu hægt að nota sem fyrirbyggjandi meðferð. **Skammtar og lyfjaagjóf:** Almenn er ráðlagður skammtur 75-160 mg einu sinni á dag. Töflunum skal kyngja heilum með nægilegu magni af vökva. Vegna sýrupolnu húðarinnar skal ekki mylja, brjóta eða tyggja töflurnar. Börnum og unglingum yngri en 16 ára skal ekki gefa asetýlsalícýlsýru, nema samkvæmt læknisráði þegar ávinningur vegur þyngra en áhættan. **Varúðarreglur:** Láttu lækinn vita áður en þú tekur Hjartamagnýl ef þú ert með nýrna-, lifra- eða hjartavandamál, ert með eða hefur einhvern tíma verið með vandamál í maga eða smáþörmum, ert með háan blóðþrýsting, ert með astma, frjókornaofnæmi, sepa í nefi eða aðra langvinna sjúkdóma í öndunarferum; asetýlsalícýlsýra getur framkallað astmakast, hefur verið með þvagsýrugigt, færð miklar tíðablæðingar. Þú verður að leita strax til læknis ef einkenni þín versna eða ef þú finnur fyrir alvarlegum eða óvæntum einkennum. Láttu lækinn vita ef þú ætlar að fara í aðgerð þar sem asetýlsalícýlsýra þynnir blóðið. Asetýlsalícýlsýra getur valdið Reye's heilkenni þegar hún er gefin börnum. Reye's heilkenni er sjúkdómur sem kemur örsjaldan fyrir og getur verið lífshættulegur. Af þessari ástæðu skal ekki gefa börnum yngri en 16 ára Hjartamagnýl, nema samkvæmt ráðleggingum læknis. Þú skalt gæta þess að ofþorna ekki þar sem notkun asetýlsalícýlsýru við slíkar aðstæður getur valdið skerðingu á nýrnastarfsemi. Þetta lyf hentar ekki til notkunar sem verkjalyf eða hitalækkandi lyf. **Meðganga og brjóstagjóf:** Leitið ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð. Þungaðar konur og konur með börn á brjósti skulu ekki taka asetýlsalícýlsýru nema samkvæmt ráðleggingum læknis. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Actavis Group PTC ehf. Október 2013.

  
**Actavis**